

Skólanefndarfundur 6.júní 2016

Mættir: Þuríður Helgadóttir, Þuríður Pétursdóttir, Einar Jónsson, Arnar Halldórsson, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Helga Jónsdóttir Leikskólastjóri.

1. Tónlistaskólinn. Sólveig hefur verið í sambandi við Árna Sigurbjarnarson á Húsavík um kennara frá Eistlandi sem hefur starfað á Íslandi. Hjá okkur yrði hún í um 70% starfi. Skólanefnd veitir jákvæða umsögn.
2. Fótoltavöllur. Skólanefnd fer fram á að skipt verði um gúmmíkurl á sparkvellingnum við skólann sem fyrst. Óþrif af völdum kurlins hafa aldrei verið eins mikil og í vor hvort heldur sem er á húð, fatnaði eða húsnæði. Einnig eru áhyggur af heilsuspillandi efnum í kurlinu. Jafnframt leggjum við til að hitalögnin undir vellingnum verði löguð fyrir haustið svo völlumurinn nýtist sem best yfir veturinn.
3. Flutningur leikskólans. Búið er að flytja tæki og tól úr smíðastofunni og fjarlægja gólfefni. Einnig er búið að fá 60m² lausa kennslustofu sem á að koma við norðurenda skólans. Teiknivinna er í gangi.
4. Beiðni um stuðning. Ingibjörg lagði fram bréf um stuðning til handa tveimur leikskólabörnum. Sjá viðhengi. Skólanefnd styður þessa beiðni.
5. Önnur mál. Nokkur umræða varð um skólaakstur. Skólanefnd leggur til að farið verði yfir samninga um skólabíla og bílstjóra fyrir vorið 2017, en þá rennur út núverandi samningur. Einnig fer skólanefnd framá að ekkert barn þurfi að ganga yfir þjóðveg til að komast í og úr skólabíl.

Fleira ekki bókað

Þuríður hl
Arnar Halldórsson
Ingibjörg Helga Jónsdóttir
Kári Jónsson
Þuríður Pétursdóttir